2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

17. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 17

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

29. júní 1990 Nr. 22

AUGLÝSING

um breytingar á EFTA-samningnum vegna fríverslunar með fiskafurðir.

Hinn 27. júní 1990 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem samþykktar voru á 12. fundi EFTA-ráðsins 14. júní 1989 í samþykkt nr. 6/1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970. Alþingi hafði með ályktun 30. apríl 1990 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta breytingarnar. Þær öðlast gildi 1. júlí 1990.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT RÁÐSINS NR. 6/1989

(Samþykkt á 12. fundi ráðsins 14. júní 1989)

BREYTING Á SAMNINGNUM

Breytingar á 26. gr. og 38. gr. og á viðauka E og niðurfelling á 27. gr. og 28. gr.

RÁÐIÐ

vísar til ákvæða 44. gr. samningsins og

er einhuga um að styrkja samvinnu innan EFTA með frjálsum viðskiptum með fisk milli EFTA-ríkjanna,

ÁLYKTAR

I. Samningnum skal breytt svo sem hér segir:

1. 26. gr. skal breytt þannig:

DECISION OF THE COUNCIL No. 6 OF 1989

(Adopted at the 12th Meeting on 14 June 1989)

AMENDMENT OF THE CONVENTION

Amendments to Articles 26 and 38 and to Annex E, and deletion of Articles 27 and 28

THE COUNCIL,

Having regard to the provisions of Article 44 of the Convention, and

Determined to strengthen the internal EFTA co-operation through full liberalization of intra-EFTA trade in fish,

DECIDES:

I. The Convention shall be amended as follows:

1. Article 26 shall be amended to read:

„**Fiskur og aðrar sjávarafurðir**

1. Ákvæði þessa samnings skulu gilda um fisk og aðrar sjávarafurðir. Fyrirkomulag sem gildir um þessar afurðir á aðlögunartíma er að finna í viðauka E.
2. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum í viðauka E."

2. Ákvæði 27. gr. falla niður.

3. Ákvæði 28. gr. falla niður.

4. Eftirfarandi ákvæði 38. gr.:
   „Viðauki E Skrá yfir fisk og aðrar sjávarafurðir sem vitnað er til í 1. málsgrein 26. greinar"
   skal breytt þannig:
   „Viðauki E Fyrirkomulag á aðlögunartíma varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir"
5. Viðauka E við samninginn skal breytt í samræmi við viðauka við samþykkt þessa.

II. Breytingunum á samningnum sem hér með hafa verið samþykktar er vísað til aðildarríkjanna til staðfestingar. Breytingarnar skulu taka gildi 1. júlí 1990, enda hafi þær hlotið staðfestingu allra aðildarríkjanna fyrir þann dag. Taki breytingarnar ekki gildi 1. júlí 1990 skulu þær gera það fyrsta dag annars mánaðar eftir staðfestingu síðasta aðildarríkisins.

III. Framkvæmdastjóri skal afhenda ríkisstjórn Svíþjóðar texta samþykktar þessarar til vörslu.

"**Fish and other marine products**

1. The provisions of this Convention shall apply in relation to fish and other marine products. Transitional arrangements applicable to these products are laid down in Annex E.
2. The Council may decide to amend the provisions of Annex E."

2. The present text of Article 27 shall be deleted.

3. The present text of Article 28 shall be deleted.

4. The following text in Article 38:
   "Annex E List of fish and other marine products referred to in paragraph 1 of Article 26"
   shall be amended to read:
   "Annex E Transitional arrangements applicable to fish and other marine products"
5. Annex E to the Convention shall be amended to read as set out at Annex to this Decision.

II. The amendments to the Convention as hereby approved are submitted to the Member States for acceptance. The amendments shall enter into force on 1 July 1990 provided they are accepted before that date by all Member States. If the amendments do not enter into force on 1 July 1990, they shall do so on the first day of the second month following the acceptance by the last Member State.

III. The Secretary-General shall deposit the text of this Decision with the Government of Sweden.

VIÐAUKI E

Fyrirkomulag á aðlögunartíma varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir

1. gr.

Ákvæði samningsins gilda frá 1. júlí 1990 um fisk og aðrar sjávarafurðir sem falla undir 3. kafla í Samræmdu tollskránni, nema kveðið sé á um annað í 2.–4. gr. þessa viðauka.

ANNEX E

Transitional arrangements applicable to fish and other marine products

Article 1

Unless otherwise provided for in Articles 2 to 4 of this Annex, fish and other marine products falling within Chapter 3 of the Harmonized System are covered by the provisions of the Convention as from 1 July 1990.

2. gr.

Hvers konar ríkisstyrkjum til sjávarútvegs sem stríða gegn ákvæðum 13. greinar samningsins skal hætt ekki síðar en 31. desember 1993.

3. gr.

Svíþjóð má beita magntakmörkunum við innflutning eftirtalinna vörutegunda til 31. desember 1993, að svo miklu leyti sem það kann að vera nauðsynlegt til að koma í veg fyrir alvarlegt ójafnvægi á sænska markaðnum.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: - Síld - Þorskur

4. gr.

1. Finnland má halda tímabundið núverandi fyrirkomulagi varðandi eftirtaldar vörutegundir. Finnland skal ekki síðar en 31. desember 1992 leggja fram ákveðna tímaáætlun um afnám þessara undantekninga.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: - Lax - Eystrasaltssíld
úr 03.03	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: - Lax - Eystrasaltssíld
úr 03.04	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst: - Ný eða kæld laxaflök - Ný eða kæld Eystrasaltssíldarflök

2. Á meðan Finnland heldur tímabundið núverandi fyrirkomulagi varðandi Eystrasaltssíld má Svíþjóð beita magntakmörkunum á innflutning þeirrar vörutegundar.

Article 2

Any form of government aid to the fishing sector which is not compatible with Article 13 of the Convention shall be eliminated not later than 31 December 1993.

Article 3

On the following products Sweden may until 31 December 1993 apply quantitative import restrictions, in so far as this may be necessary to avoid serious disturbances in the Swedish market.

HS heading No.	Description of goods
ex 03.02	Fish, fresh or chilled, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: - Herring - Cod

Article 4

1. On the following products Finland may temporarily maintain its present regime. Not later than 31 December 1992 Finland shall present a fixed timetable for the elimination of these exemptions.

HS heading No.	Description of goods
ex 03.02	Fish, fresh or chilled, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: - Salmon - Baltic herring
ex 03.03	Fish, frozen, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: - Salmon - Baltic herring
ex 03.04	Fish fillets and other fish meat (whether or not minced), fresh, chilled or frozen - Fresh or chilled fillets of salmon - Fresh or chilled fillets of Baltic herring

2. As long as Finland temporarily maintains its present regime with regard to Baltic herring, Sweden may apply quantitative import restrictions for that product.